

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson:

Skýrsla úr rannsóknarför til Apavatns

30/7- 2/8 1986

VMST- R/86023

Skýrsla úr rannsóknarför til Apavatns 30/7- 2/8 1986.

INNGANGUR

Í sumar hefur silungsafli í net í Apavatni verið fremur líttill og upp á síðkastið hefur nár ekkert komið í netin. Af þeim sökum hafa raddir meðal veiðibænda og landeigenda við Apavatn gerst e hávarari um að vatnið hafi verið ofveitt undanfarin ár og að nú sé það nánast fisklaust. Nauðsyn sé að grípa til friðunaraðgerða, jafnvel um nokkurra ára skeið til þess að byggja fiskstofninn upp á ny.

Þar sem veiðiráðgjöf Veiðimálastofnunarinnar varðandi Apavatn undanfarinn áratug hefur verið að auka veiðialag, sérstaklega á smærri fisk, þótti ærin ástæða til þess að athuga þetta mál nánar. Ráðleggingarnar hafa byggst á því að eftir að bleikjan hefur náð um 30 sm lengd hefur dregið mjög úr vexti og hve smá hún er við kynþroska.

RANNSÓKNARAÐFERÐIR

Notuð voru tilraunaset með 7 mismunandi möskvastærðum, frá 19,5 - 40 mm milli hnúta. Netin voru lögð í vatnið á mismunandi stöðum, aðallega út af Grafarósi, bæði grunnt og úti í miðju vatni. Ýmist var látið liggja yfir nött eða yfir dag, og eins voru netin lögð í stuttan tíma, keyrt í kringum þau og rekið í.

Allir fiskar voru mældir og veggir og skráður var sá fiskafjöldi sem kom í hverja möskvastærð fyrir sig. Kyn og kynþroski var ákvárdæður úr hluta aflans og aldurssynum var safnað úr 27 fiskum. Magainnihald var skoðað og gróflega greint á staðnum.

Veiðimenn voru teknir tali og spurðir um álit á veiðiskap og ástandi vatnsins.

NIÐURSTÖDUR

Eingöngu veiddist bleikja. Aflinn skiptist milli möskvastærða sem hér segir:

Möskvastærð í mm Fjöldi fiska í hverja möskvastærð

19,5	21
21,5	26
25	29
30	8
33	3
35	0
40	0

Þetta er heildarfjöldi fiska í hvert net. Vegna þess hve netin lágu mis lengi niðri (allar möskvastærðirnar lágu þó jafn langan, tíma), er ekki unnt að tala um meðalafla í lögnum, en þó má geta þess að mestur aflinn fékkst í eitt 21,5 mm net, 21 fiskur eftir eina nött.

Mjög mikið "mor" var í vatninu og líklegt er að netin veiði ekki að gagni nema í fáeina tíma eftir að þau eru lögð, þá eru þau orðin loðin af skít og það endar með því að þau sökkva til botns. Athugun leiddi í ljós að net sem höfðu legið í vatni í 12 tíma lágu sokkin, flöt í botni.

Lengdardreifing alls afla er sýnd á mynd 1, bls. 4. Þar má sjá að sáralitið veiddist af bleikju stærri en 30 sm. Flestir fiskanna eru á lengdarbiliðu 24-29 sm.

Aldursgreining á 27 fiskum gaf eftirfarandi niðurstöður:

A. Ókynþroska fiskur.

Aldur í vetrum	Fjöldi	Meðallengd sm	Spönn sm
2+	5	25,3	21,0-28,0
3+	6	27,7	22,5-32,5
4+	4	30,4	29,0-32,5

B. Kynþroska fiskur

Aldur í vetrum	Fjöldi	Meðallengd sm	Spönn sm
3+	3	25,3	25,0-25,5
4+	6	28,2	25,0-30,0
5+	2	26,7	26,5-27,0
6+	1	37,5	

Á mynd 2, bls 5, hafa þessar niðurstöður verið settar upp í linurit.

Alls voru kyngreindir 52 fiskar og reyndist kynjahlutfall (hængar/hrygnur) vera jafnt eða 27/25. Um helmingur hænganna var kynþroska en einungis 3 af 25 hrygnum voru kynþroska. Hængar voru kynþroska fra 24 sm lengd en hrygnur fra 27 sm. Á mynd 3, bls 6, má sjá þessa þætti í smáatriðum.

Holdafar er lélegt og er bleikjan að jafnaði 25-30% léttari miðað við lengd en eðlilegt telst við góð skilyrði.

Lítið var af fæðu í bleikjumögunum, flestir voru hálftómir og sumir tómir. Helstu fæðutegundir voru smær rykmyspupur, vatnaskeljar og vorflugulirfur. Kornáta (eurycerus) fannst aðeins í einum fiski, en hún er yfirleitt ríkjandi fæðutegund í grunnum vötnum á þessum árstíma.

ÁLYKTANIR AF NIÐURSTÖÐUM

Megin niðurstaða þessarar rannsókanar er að bleikjan í vatninu er í svelti. Fiskurinn er horaður, magar eru hálftómir, fæðan er hálfert "drasl", smár fiskur er orðinn kynþroska, snemma dregur ur vexti og stærstu fiskarnir eru hausstorir.

Ójafnvægi ríkir milli fæðuframboðs og fiskstofns, vatnið er ofsetið.

Etv. er erfitt fyrir menn sem hafa lagt fjölda neta í vatnið, viku eftir viku, án þess að fá fisk svo talandi sé um, að trúá þessu. En það má benda á nokkur atriði sem geta etv. skýrt þetta. Skv. niðurstöðum þessarar rannsóknar veiðist lítið í net með 30 mm möskva og þar yfir.

Netin sem mest eru notuð í Apavatni nú eru 31,5 mm (1 og 1/4) og eitthvað lítilsháttar 29 mm (1 og 1/8). Smáfiskurinn syndir í gegn um þessi net. Mjög mikill svifþörungagróður er í vatninu, hann sest í netin svo þau missa veiðihæfni sína mjög fljótt, sérstaklega meðan nött er björt.

Fiskurinn virðist sjá netin og forðast þau. Þetta sést vel þegar keyrt er með þeim strax eftir að þau eru lögð, fiskur fer þá strax í, en netið veiðir ekki meira þótt það sé látið liggja og komið að því seinni.

Rétt er einnig að benda á að mikið af fiski virðist gengið upp í árnar sem falla í vatnið.

Allir þessir þættir verka í þá átt að lítið virðist um fisk í vatninu. En ástand fiskstofnsins, það sem áður var lýst, tekur af allan vafa um að hlutirnir eru ekki eins og þeir ættu að vera, sé það meinингin að hafa tekjur af því að veiða fisk.

HVAÐ ER TIL RÁDA ?

Ekki er nokkur vegur að grisja vatnið á hefðbundinn hátt, þ.e. auka sókn með enn smærri möskvum. Til þess er það allt of stórt og fiskurinn sem fengist væri illseljanlegur. Ég held að mikilvægasta atriðið nú sé að menn geri sér ljóst hversu illa er komið, þá fyrst er kominn grundvöllur til þess að sameinast um einhverjar þær aðgerðir sem gætu gefið árangur. Má þar td. nefna að snúa sér að ánum þar sem fiskur safnast saman og er auðveiðanlegur.


Slikt er óframkvæmanlegt nema með fullri samstöðu og samvinnu.

Reykjavík, 6/8, 1986.


Jón Kristjánsson

- 4 -

MYND 1.



BLEIKJA, APPVATN, 31/7 1986.




- 6 -

MYND 3

APAVATN 31/7 1986.

KYNPROSKASTÆRD BLEIKJU



KYNJATILUTFAKL = $\frac{\text{Fjöldi Hængu}}{\text{Fjöldi Hrygna}} = \frac{13}{22} = 27/25$